

SVERRIR THORSTENSEN
ÞORSTEINN ÞORSTEINSSON

FUGLALÍF KROSSANESBORG
SUMARIÐ 1998

KÖNNUN GERÐ AÐ BEIÐNI
UMHVERFISNEFNDAR AKUREYRAR

AKUREYRI MAÍ 1999

INNGANGUR

Vorið 1998 fól Umhverfisstofnun Akureyrar Sverri Thorstensen (STh) og Þorsteini Þorsteinssyni (ÞÞ) að athuga fuglalíf Krossanesborga. Krossanesborgir eru á Náttúruminjaskrá og samkvæmt staðfestu aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010 er hluti svæðisins tekinn frá sem útivistarsvæði. Í greinargerð aðalskipulagsins segir:

“Í Krossanesborgum er sérkennilegt klettalandslag með ótrúlega fjölbreyttri flóru og fuglalífi. Svæðið hefur þó látið nokkuð á sjá vegna beitara. Fyrirhugað er að borgirnar verði girtar af þannig að gróður fái að vaxa þar í friði og er talið að leifar trjágróðurs, sem þarna er, muni þá ná að þroskast.”

Svæði það sem kannað var nær yfir stærsta hluta þessa friðlands og er 1,24 km² að stærð. Mörk svæðisins eru sýnd á 1. mynd. Einnig töldum við vaðfugla á 6 sniðum í ytri Krossaneshaga (1. mynd).

Aðferðir

Könnun okkar hófst í byrjun apríl og fór útvinna fram dagana 8., 15., 19., 28. og 29. apríl, 12., 19., 21., 24., 26., 27., 28. og 31. maí og 2., 3., 8., 10., 11., 12., 15. og 22. júní. Í apríl og fram eftir maímánuði skráðum við komu fuglanna á svæðið en er liða tók á maí hófst kortlagning varpfugla. Við gengum skipulega um allt svæðið og merktum alla óðalsbundna fugla inn á loftmyndir. Einnig leituðum við að hreiðrum og merktum þau með stikum. Við fylgdumst síðan með varpárangri nokkurra tegunda og merktum bæði unga og fullorðna fugla með merkjum frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Í fyrri hluta júlí könnuðum við varpárangur stormmáfs, sílamáfs og silfuramáfs og merktum þá unga sem við fundum.

Landlýsing

Helgi Hallgrímsson (1980) lýsir landinu í Krossanesborgum þannig:

“Landssvæði þetta er alsett klettaborgum og smáásam. Eru þær yfirleitt afliðandi að suðvestan en þverhniptar að norðaustan, með alls konar jökulminjum, grópum, rákum, grettistöfum o.s.fr. Aðeins fáeinir þeirra eru skemmdar af grjótnámi, og liggja þær vestast og næst veginum, en langflestar munu vera nokkurn veginn eins og ísaldarjökullinn skildi við þær fyrir 10 þús. árum. Nokkrar af stærstu borgunum hafa eigin nöfn, svo sem Stekkjarklöpp, Krummaklöpp, Háaklöpp og Hestklöpp, en flestar eru nafnlausar (1. mynd). Á milli klettaborganna skiptast á móar og mýrasund eða flóar og í flóumum eru nokkrar tjarnir. Helstu tjarnirnar eru Djáknatjörn, Hundatjörn og Startjörn. Tvær þær fyrrnefndu eru alldjúpar. Startjörnin er hins vegar nánast blautur flói, þar sem vatn safnast í rigningum og leysingum á vorin. Framræsluskurðir eru aðeins nyrst og syðst í Borgunum, en allt miðsvæðið hefur sloppið við framræslu til þessa, sem nánast má kalla kraftaverk á þessum miklu framræslutímum, enda

munu það vera einu mýramar í bæjarlandinu sem enn eru óskemmdar. Umrætt votlendi gefur Krossanesborgunum mjög aukio verndargildi. Þar er að finna allmargar votlendisjurtir, sem orðið hafa að vika fyrir framræslunni viðast hvar í héraðinu, svo sem belgjastör, flóastör, tjarnastör, gulstör, fífur, hálmgresi, stjörnuarfa, engjarós, horblöðku, laugamöðru, mýradímurt, mýrasef, þráðsef o.fl. Vatnagróður er einnig mjög fjölbreyttur í tjörnumum, einkum í Djáknatjörn, sem er djúp og eina tjörn in bæjarlandinu sem hefur sloppið við röskun".

Hrossum og sauðfé er ekki lengur beitt á athugunarsvæðinu og áberandi er hve gulviðir og birki hafa náð sér vel á strik. Í Borgunum er nú allgott berjaland, bæði krækiber og bláber.

Eldri heimildir um fuglalíf

Ekki er um auðugan garð að gresja hvað varðar heimildir um fuglalíf í Krossanesborgum frá fyrri árum. Svæðið hefur aldrei verið skoðað með skipulögðum hætti fyrr en sumarið 1998. Kristján Geirmundsson (KG 1957) skráði ýmsar upplýsingar um fuglalíf á Akureyri og nágrenni um miðja öldina og bréf hans þar um eru varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands. Á Akureyrarsetri sönnu stofnunar er að finna óbirtar athuganir Helga Hallgrímssonar frá 30. apríl og 1. maí 1979 og 2. og 17. júní 1981 (HHg 1979, 1981). Náttúrugripasafnið á Akureyri gerði könnun á náttúrufari og minjum á vesturströnd Eyjafjarðar sumarið 1982 fyrir Staðarvalsnefnd um iðnrekstur og sá Hálfðán Björnsson frá Kvískerjum um athuganir á fuglalífi (HHg o.fl. 1982). Ævar Petersen hefur farið nokkrum sinnum um Borgirnar á liðnum árum og höfum við haft aðgang að dagbókum hans (ÆP 1988, 1990, 1992, 1995). Annar okkar (STh) hefur skoðað fugla í Borgunum nokkrum sinnum á síðustu 4 árum og skráð það sem fyrir augu hefur borið. (STh 1994, 1995, 1996, 1997). Kristján Larsen (KL) á Akureyri gjörþekkir Krossanesborgir og hefur fylgst með fuglalífinu þar til fjölda ára. Ýmsar upplýsingar höfum við sótt til hans (KL 1998). Þrátt fyrir þessar brota- og tilviljanakenndu heimildir má lesa sögu nokkurra tegunda á svæðinu frá því í lok 8. áratugarins (sjá aftar).

Fuglatal

Hér verður gerð grein fyrir þeim tegundum fugla sem sáust í athugun okkar og jafnframt tíundaðar upplýsingar úr eldri heimildum. Í lok þessa kafla eru varpfuglar skráðir í töflu og reiknaður út fjöldi varppara á km² (1. tafla).

Grágæs (*Anser anser*)

1998: Fyrstu grágæsirnar sáust í byrjun apríl. Í apríl og fram eftir maí héldu nokkrar til á svæðinu, aðallega í mýrum við Hundatjörn og Djáknatjörn. Þegar leið að varptíma fækkaði þeim og aðeins fannst 1 hreiður (2. mynd).

Eldri heimildir: KL fann 2 hreiður grágæsar vorið 1997.

Rauðhöfðaönd (*Anas penelope*)

1998: Fyrstu rauðhöfðarnir komu á svæðið seint í apríl um það bil sem ís leysti af tjörnunum. Þann 28. apríl sáuust tvö pör, eitt á hvorri tjörn. Mest sáuust 6 steggir í einu og má því áætla að 6 pör verpi á svæðinu. Þrjú hreiður fundust í júní (2. mynd).

Eldri heimildir: ÆP skráði 3 rauðhöfða (2 kk og 1 kvk) 4.6. 1988. STh sá 3 pör 11. maí 1996.

Urtönd (*Anas crecca*)

1998: Fyrstu urtendurnar, tvö pör, sáuust í lok apríl. Í maí og byrjun júní sáuust þrjú pör. Tvö hreiður fundust, annað með eggjum en hitt eftir að ungar voru farnir. Miðað við fjölda steggja má gera ráð fyrir 5 pörum á svæðinu (2. mynd).

Eldri heimildir: STh sá 2 pör á Djáknatjörn 11. maí 1996

Stökkönd (*Anas platyrhynchos*)

1998: Stökkendur komu inn á svæðið um leið og snjóá leysti. Fyrstu pörin sáuust um miðjan apríl. Mest sáuust 5 pör á svæðinu 28. apríl. Í maí sáuust 9 steggir í einu. Í júní fundust 4 hreiður, 1 með eggjum, 1 yfirgefið og 2 þar sem ungar voru farnir. Áætlaður fjöldi varppara er 5 (2. mynd).

Eldri heimildir: HHg skráði 1 par á Djáknatjörn 30. apríl 1979 og 3 á sama stað 2. júní 1981. ÆP sá 2 steggi á Djáknatjörn 4. júní 1988 og 11. júní 1995 fann hann 1 hreiður þar sem ungar voru farnir. STh sá stökkendur en skráði ekki fjölda 11. maí 1996.

Grafönd (*Anas acuta*)

1998: Tvö pör sáuust á Djáknatjörn í lok apríl og fram eftir maímánuði. Ekkert hreiður fannst. Fjöldi varppara áætlaður 2 (2. mynd).

Eldri heimildir: STh sá 2 pör á Djáknatjörn 11. maí 1996.

Skúfönd (*Aythya fuligula*)

1998: Skúföndin er algengasta öndin á svæðinu. Fyrstu skúfendurnar sáuust 12. maí (1 par). Þeim fjölgaði síðan þegar leið á mánuðinn og um miðjan júní sáuust mest 9 steggir á Djáknatjörn. Alls fundust 5 hreiður í nýrinni við Djáknatjörn. Við ætluðum að 9 pör hafi orpið á svæðinu (2. mynd).

Eldri heimildir: HHg sá 3 pör á Djáknatjörn og 1 á Hundatjörn 2. júní 1981. ÆP sá 3 steggi 4. júní 1988, 2 steggi 2. júní 1990, 2 pör og 2 steggi 4. júní 1992 og 11 steggi 11. júní 1995 í öllum tilfellum á Hundatjörn. STh sá skúfendur á Djáknatjörn 11. maí 1996 en skráði ekki fjölda.

Fálki (*Falco rusticolus*)

1998: Við sáuum fálka tvívegis, fyrst þann 19. apríl og hafði sá fangað rjúpu, og síðan 11. júní.

Eldri heimildir: Engar

Rjúpa (*Lagopus mutus*)

1998: Í Krossanesborgum er gott land fyrir rjúpur, þýfðir lyng- og fjalldrapamóar. Vorið 1998 töldum við óðalsbundna karra og merktum inn á loftmynd. Alls voru 25 karrar á svæðinu. Seinna fundum við 10 hreiður. Í lok júní fórum við um

svæðið og athuguðum klakarángur í 7 hreiðrum. Í fjórum þeirra höfðu ungar klakist úr öllum eggjunum (10, 11, 12, 12). Í tveimur hreiðrum klöktust 9 egg af 10 og eitt hreiður með 12 eggjum var yfirgefið. Í síðasttalda hreiðrinu voru 11 egg með hálfþroskaða unga, en 1 var ófrjótt. Fjöldi varppara er álitinn vera 25 (2. mynd).

Eldri heimildir: HHg segir að 2 pör a.m.k. hafi verið á svæðinu vorið 1979 og 17. júní 1981 sá hann 1 par suðaustur af Djáknatjörn. ÆP sá 3 karra 4. júní 1988 og 2 karra 11. júní 1995. STh sá 5 karra 11. maí 1996.

Tjaldur (*Haematopus ostralegus*)

1998: Þrjú óðalsbundin pör sást og hreiður eins þeirra fannst (3. mynd).

Eldri heimildir: HHg sá nokkra beggja megin við Lónið 30. apríl og 1. maí 1979. STh sá 1 par 11. maí 1996.

Sandlóa (*Charadrius hiaticula*)

1998: Tvö pör sást á svæðinu. Annað parið virtist ekki vera óðals- bundið, enda sást það aðeins einu sinni. Eitt hreiður með 4 eggjum fannst. Þegar komið var að hreiðrinu nokkrum dögum síðar var eitt eggjanna horfið en í stað þess hafði steinn verið settur í hreiðrið. Steinninn var álíka stór og eggin þrjú til samans. Við fjarlægðum steininn, og 3 ungar klöktust (3. mynd).

Eldri heimildir: S.Th. hefur séð sandlóupar árlega síðustu fjögur ár á sama stað og parið hélt til nú.

Heiðlóa (*Pluvialis apricaria*)

1998: Heiðlóur eru mjög algengar á svæðinu. Í maí og júní merktum við óðalsbundna fugla inn á loftmynd og leituðum síðan að hreiðrum á nokkrum stöðum í júní. Við staðsettum 20 pör og fundum hreiður 5 þeirra. Áætlaður fjöldi varppara á svæðinu er 20 (3. mynd).

Eldri heimildir: H. Hg. taldi heiðlóur algengar á svæðinu. Æ. P. skráði heiðlóur 4. júní 1988 en tilgreindi ekki fjölda. ÆP fann hreiður 11. júní 1995. STh taldi heiðlóur mjög algengar 11. maí 1996.

Lóupræll (*Calidris alpina*)

1998: Aðeins einn lóupræll sást á svæðinu. Hann var á biðilsflugi og hélt til á sama stað frá því í lok maí. Við gerum ráð fyrir 1 varppi (4. mynd).

Eldri heimildir: Engar

Hrossagaukur (*Gallinago gallinago*)

1998: Hrossagaukar eru mjög algengir á svæðinu. Í maí og byrjun júní merktum við 28 óðalsbundin pör inn á loftmynd og leituðum að hreiðrum á nokkrum stöðum. Alls fundust 9 hreiður með eggjum. Einnig fundum við nýklakta unga á 4 stöðum og 1 hreiður þar sem ungar voru nýfarnir. Áætlaður fjöldi varppara á svæðinu var 28 (3. mynd).

Eldri heimildir: HHg taldi hrossagauk algengan vorið 1979, en í dagbók 1981 segir "sást lítið en heyrðist til hans á nokkrum stöðum". ÆP skráði 1 hneggjandi 11. júní 1995. STh sá hrossagauka í öllum mýrum, sem hann fór um 11. maí 1996, en skráði ekki fjölda.

Jaðrakan (*Limosa limosa*)

1998: Jaðrakan er algengur fugl í Borgunum og hefur fjölgað. Auðvelt er að staðsetja óðalsbundna fugla á vorin. Alls sást 26 óðalsbundin pör og í júní fundum við 9 hreiður með eggjum eða ungum. Jaðrakanar voru nokkuð jafnt dreifðir um myrlendi svæðisins. Þéttasta varpið var í myrarsundi skammt norðan við Krummaklöpp, en þar fundum við 4 hreiður á um 100m² bletti. Áætlaður fjöldi varpara var 26 (4. mynd).

Eldri heimildir: HHg nefndi ekki jaðrakan 1979 en vorið 1981 segir hann: "Sást a.m.k. á 2 stöðum, þ. e. við Startjörn og þar fyrir austan, virtust vera hjón á báðum stöðum, sem létu eins og þeir væru við hreiður". ÆP skráði 3 jaðrakana 4. júní 1988, nokkra 4. júní 1992 og nokkur pör 11. júní 1995. STh skráði 4-6 pör í lok maí 1994, en hann fór þá aðeins um vestasta hluta svæðisins.

Þann 11. maí 1996 skráði STh 10-15 pör á svæðinu.

Spói (*Numenius phaeopus*)

1998: Spói er algengasti vaðfuglinn á svæðinu. Alls merktum við 32 óðalsbundin pör inn á loftmynd og 12 hreiður fundust. Fjöldi varpara er því talinn 32 (4. mynd).

Eldri heimildir: HHg sá spóa víða á svæðinu og taldi hann algengan vorið 1981. ÆP skráði varplega spóa 4. júní 1988 og taldi hann algengan 11. júní 1995. STh taldi spóa mjög algenga á svæðinu 11. maí 1996.

Stelkur (*Tringa totanus*)

1998: Nú óðalsbundin pör sást en 4 hreiður fundust. Fjöldi varpara er 9 (4. mynd).

Eldri heimildir: HHg sagði stelkinn mjög algengan 1979 og 1981 "er um allt svæðið, virðist algengasti fuglinn". ÆP skráði varplegan stelk 4. júní 1988, fimm saman 4. júní 1992 og 11. júní 1995 nokkur pör. STh skráði tvö varpleg pör 11. maí 1996 á vesturhluta svæðisins.

Óðinshani (*Phalaropus lobatus*)

1998: Eitt par sást á Djáknatjörn 2. júní.

Eldri heimildir: HHg sá 1 par á Djáknatjörn 2. júní 1981. STh sá óðinshana á Djáknatjörn og Hundatjörn um miðjan maí 1997, par á hvorum stað.

Kjóí (*Stercorarius parasiticus*)

1998: Eitt kjóapar hélt til á svæðinu og hreiður með 4 eggjum fannst (6. mynd).

Eldri heimildir: HHg sá 1 par í myrardragi suðaustur af Djáknatjörn 2. júní 1981. ÆP sá varplegt par 4. júní 1988 og par verpandi suður af Djáknatjörn 11. júní 1995. STh hefur séð kjóapar á svipuðum slóðum árlega frá 1995.

Hettumáfur (*Larus ridibundus*)

1998: Hettumáfur er algengur og árviss varpfugl á svæðinu. Töluverður munur er á fjölda varpara milli ára og einnig er breytilegt hvar á svæðinu hreiðrin eru. Undanfarin ár hefur varp hettumáfa aðallega verið við báðar tjarnirnar (STh, ÆP). Nú bar svo við að engir hettumáfar voru við Hundatjörn. Aðalvarpið var við Djáknatjörn

og umhverfis klappirnar norðan hennar, þ.e. norðan girðingar. Við töldum hettumáfa nokkrum sinnum, bæði fugla á hreiðrum og eins fugla á flugi yfir varpstöðum. Á nokkrum afnörkuðum svæðum þar sem varp var ekki þétt leituðum við að hreiðrum. Áætlaður fjöldi varppara sumarið 1998 er 55 (5. mynd). Utan athugunarsvæðisins, rétt norðan girðingar móts við Djáknatjörn urpu hettumáfar einnig, alls 20-25 pör (KL).

Eldri heimildir: HHg sá hettumáfa á flugi 1. maí 1979. Vorið 1981 segir hann að "margir (a.m.k. 20 fuglar) voru á flögi við Djáknatjörn. ÆP taldi hettumáfa 2. júní 1990. Þá voru 7 á hreiðri við Hundatjörn og 2 lausir, 54 á hreiðri og 12 lausir í mýrardragi ca. 400 m norðan við tjörnina. 4. júní 1992 voru ca. 20 við Hundatjörn. 11. júní 1995 voru 22 hettumáfar og þar af 5 á hreiðri við Djáknatjörn. Dreift varp í mýrum og holtum ofan Krossanesbýlisins.

Við Djáknatjörn og í mýrum þar sunnan og austan voru alls 330 hettumáfar (ÆP). Sumir þessara fugla var norðan girðingar og þar með utan athugunarsvæðis 1998. STh taldi um 30 hreiður við Djáknatjörn og um 20 við Hundatjörn 11. maí 1996.

Stormmáfur (*Larus canus*)

1998: Stormmáfar verpa aðallega í nágrenni Hundatjarnar. Óðalsbundin pör voru merkt inn á loftmynd í lok maí og síðan leituðum við að hreiðrum. Alls staðsettum við 10 pör á svæðinu og fundum 9 hreiður. Táu pör urpu því á svæðinu (5. mynd).

Eldri heimildir: ÆP sá 7 stormmáfa, þar af 4 á hreiðrum við Hundatjörn 4. júní 1988. Fimm pör við hreiður 2. júní 1990 við Hundatjörn og 1 á hreiðri í mýrardragi ca. 400 m norðar. Þrjú pör voru við Hundatjörn 4. júní 1992. Fjórtán stormmáfar, þar af 6 á hreiðri voru við Hundatjörn 11. júní 1995. STh taldi 6 hreiður við Hundatjörn 11. maí 1996.

Sílamáfur (*Larus fuscus*)

1998: Sílamáfar verpa á klöppum og í mólendi milli þeirra víða um Borgirnar. Við merktum óðalsbundin pör inn á loftmynd í maí og leituðum síðan að hreiðrum í júní. Alls voru 22 pör á svæðinu í maí og hreiður þeirra allra fundust (5. mynd).

Eldri heimildir: ÆP sá 2 pör á borgunum norðan við Hundatjörn 2. júní 1990, 1 þar gargandi var við Hundatjörn 4. júní 1992 og 11. júní 1995 sá hann alls 4 pör á svæðinu. STh sá 4 pör á klöppunum austan Djáknatjarnar 11. maí 1996.

Silfurmáfur (*Larus argentatus*)

1998: Silfurmáfar urpu á sömu slóðum og sílamáfar. Hreiður silfurmáfa eru þó yfirleitt uppi á klöppunum þar sem yfirsýn fuglanna er betri. Við merktum óðalsbundna silfurmáfa inn á loftmynd í maí og leituðum að hreiðrum í júní. Á svæðinu voru 16 pör og hreiður þeirra allra fundust (5. mynd).

Eldri heimildir: Silfurmáfa er fyrst getið sem varpfugla á svæðinu vorið 1997 (K L). Silfurmáfar hafa orpið víða í Moldhaugahálsi u. þ. b. 5 km norðan Krossanesborga á undanförmum árum (HHg o.fl. STh, ÆP). Vorið 1998 var varp þar lítið sem ekkert og líklegt er að silfurmáfar hafi flutt sig um set vegna truflunar af völdum skotmennsku.

Svarfbakur (*Larus marinus*)

1998: Eitt hreiður fannst og er það í samræmi við fjölda varpfugla á athugunartímanum (5. mynd).

Eldri heimildir: HHg segir 2. júní 1981 að mikið sé af svarfbak (líklega nokkur hundruð) á klöppunum austan Djáknatjarnar og "virðist þetta svæði vera einn helsti set(nátt?)staður svartbaksins hér við Akureyri". ÆP nefnir ekki svarfbaka í sínum dagbókum. KL segir að svarfbakar hafi verið algengir varpfuglar hér áður fyrr, en nú hin seinni ár hafi þeim fækkað verulega.

Kríá (*Sterna paradisaea*)

1998: Kríur eru árvissir varpfuglar í Borgunum, en fjöldi þeirra er breytilegur milli ára. Fyrsta hreiðrið fannst 21. maí. Kríurnar verpa nokkrar saman á 4-5 stöðum í Borgunum. Stærsta varpið (30 pör) er austan klappanna norðvestan Krossanestúnanna. U.p.b. 10 pör urpu suman Djáknatjarnar, en annars staðar voru færri varppör. Alls telst okkur til að 55 pör hafi orpið á svæðinu sumarið 1998 (6. mynd).

Eldri heimildir: HHg segir vorið 1981 að þær séu á sömu slóðum og hettumáfurinn við Djáknatjörn og einnig á klöppum og holtum þar suður af. ÆP telur á að giska 100 – 200 pör á svæðinu 2. júní 1990. Nokkrir tugir para voru fyrir ofan Krossanesbýlið 11. júní 1995 og nokkrir tugir við Djáknatjörn (ÆP). STh taldi um 30 pör á klöppinni fyrir sunnan Djáknatjörn í lok maí 1996.

Brandugla (*Asio flammeus*)

1998: Branduglur sást ekki í athugun okkar.

Eldri heimildir: Í bréfi KG um fuglalíf 1957 segir "eitt brandugluheiður fannst í vor skammt frá Krossanesi í Eyjafirði". Ekki er vitað hvort þetta hreiður hafi verið innan athugunarsvæðis okkar eða utan þess. KL segist hafa séð branduglur á svæðinu nokkrum sinnum frá um 1970 og fram undir 1980 en aldrei fundið hreiður.

Þúfutittlingur (*Anthus pratensis*)

1998: Algengur varpfugl um allt svæðið. Við merktum syngjandi fugla inn á loftmynd í maí og byrjun júní. Alls fundust þannig 13 pör og hreiður 7 þeirra (6. mynd). Þúfutittlingur þarf helst að skoða snemma morguns þegar fuglarnir eru mest á biðilsflugi. Gera má ráð fyrir að pörin séu mun fleiri en 13 og við gerum ráð fyrir a. m. k. 20 pörum.

Eldri heimildir: HHg telur þúfutittling mjög algengan 1. maí 1979, en 2. júní 1981 sást aðeins 1 í mýrinni við Startjörn. ÆP skráði 1 syngjandi þúfutittling 11. júní 1995. STh áætlaði nokkur pör á svæðinu 11. maí 1996.

Mariuerla (*Motacilla alba*)

1998: Ein mariuerla sást nokkrum sinnum á óðali og við gerum ráð fyrir 1 varppari (6. mynd).

Eldri heimildir: Engar

Steindepill (*Oenanthe oenanthe*)

1998: Eitt par sást og stakur karlfugl á óðali. Áætluð 2 varppör (6. mynd).

Eldri heimildir: Engar

Skógarþröstur (*Turdus iliacus*)

1998: Fyrstu skógarþröstirnir sástu í byrjun apríl, 10 talsins. Þröstir voru víða á svæðinu um vorið en er leið að varptíma fækkaði þeim. Aðeins fannst eitt hreiður með 5 ungum, en auk þess voru skógarþröstir óðalsbundnir á tveimur stöðum. Fjöldi varppara er því 3 (6. mynd).

Eldri heimildir: STh hefur séð skógarþrösti árlega á svæðinu síðan 1995, en ekki fundið hreiður.

Hrafn (*Corvus corax*)

1998: Hrafnar sástu oft á svæðinu: Þrír 8. apríl, einn 15. apríl, tveir 19. apríl, einn 28. apríl. Urpu örugglega ekki á svæðinu.

Eldri heimildir: HHg fann hreiður með 4 ungum í Krummaklöpp 2. júní 1981. ÆP sá hreiður með 5 ungum í árgilinu 11. júní 1995. STh fann hreiður á sama stað í maí 1994 og 1996.

Snjótittlingur (*Plectrophenax nivalis*)

1998: Snjótittlingar eru sjaldgæfir á svæðinu á þessum árstíma og aðeins eitt par sást í byrjun júní. Ekkert hreiður fannst en við gerum ráð fyrir 1 varppari (6. mynd).

Eldri heimildir: HHg sá einn snjótittling í klettum skammt frá Hundatjörn 1. maí 1979 og varplegt par í háu klöppinni sunnan við Lónsgerði 2. júní 1981.

Vorið og sumarið 1998 urpu 27 tegundir fugla í Krossanesborgum og var fjöldi varppara afar misjafn, allt frá einu pari (7 tegundir) upp í 55 (2 tegundir). Varpfuglar eru taldir upp í 1. töflu og þar er einnig reiknaður út fjöldi para á km².

1. tafla: Fjöldi varppara í Krossanesborgum sumarið 1998

TEGUND	VARPPÖR	PÖR/KM ²
Grágæs	1	0,8
Rauðhöfðaönd	6	4,8
Urtönd	5	4,0
Stökkönd	9	7,3
Grafönd	2	1,6
Skúfönd	9	7,3
Rjúpa	25	20,2
Tjaldur	3	2,4
Sandlóa	1	0,8
Heiðlóa	20	16,1
Lóupræll	1	0,8
Hrossagaukur	28	22,6
Jaðrakan	26	21,0
Spói	32	25,8
Stelkur	9	7,3
Kjói	1	0,8
Hettumáfur	55	44,4
Stormmáfur	10	8,1
Silamáfur	22	17,7
Silfurmáfur	16	12,9
Svartbakur	1	0,8
Kría	55	44,4
Þúfuttittlingur	20	16,1
Maríuerla	1	0,8
Steindepill	2	1,6
Skógarþröstur	3	2,4
Snjótittlingur	1	0,8

Sniðtalning vaðfugla í Ytri Krossaneshaga.

Ytri Krossaneshagi er einsleitur hvað gróður varðar, þýft óræktar- graslendi sem hefur verið bylt. Landinu hallar örlítið í átt að sjó og er hæðarmunur frá vestri til austurs um 15 metrar. Að vestan afmarkast svæðið af framræsluskurði, að norðan af girðingu, sjávarbökkum að austan og túnum að sunnan. Sunnan sniðanna eru rústir fjárhúsa og hlöðu. Vestasta sniðið var 12,5 m vestan skurðarins, en alls var talið á 6 sniðum (1. mynd). Lengd hvers sniðs var um 400 m og 25 m milli sniða. Á milli sniða 3 og 4 voru þó 50 metrar. Flatarmál svæðisins sem talið var á er 0,06 km² (2. tafla). Fjöldi vaðfugla á sniðunum er sýndur í 2. töflu.

2. tafla: Fjöldi vaðfugla á sniðum 1–6 í Ytri-Krossaneshaga.

Snið:	1	2	3	4	5	6	Alls
Tjaldur	1						1
Heiðlóa	2		1		1		4
Hrossagaukur	1		4		2	2	9
Spói	1	1	2	2		2	8
Jaðrakan	1	1		1		1	4
Stelkur		2	2	1	2		7

Auk vaðfugla sáust eftirtaldir fuglar:

Grágæs. Þar með hreiður

Skúfönd. Þar flaug úr grasi og út af svæðinu. Ólíklegt er að skúfendur verpi í haganum vegna þess hve land þar er þurrt.

Rjúpa. 2 karrar og 1 hæna flugu upp og út af svæðinu.

Kría. 5 fuglar héldu til á svæðinu og líklegt er að 2-3 pör verpi.

Þúfuttittlingur. Alls sáust 9 fuglar og líklegt er að nokkur pör verpi í haganum.

Mariuerla. Hreiður með eggjum fannst í rústum útihúsa sunnan sniðanna.

Ekki sáust grændur í Ytri-Krossaneshaga, en þýft og grasigróið landið ætti að vera kjörlandi anda, t.d. urtandar, stokkandar og grafandar. Hestum er beitt í haganum og líklegt er að truflun af þeirra völdum valdi mestu um að endur verpa ekki á svæðinu.

Helstu niðurstöður

Sumarið 1998 urpu alls 27 tegundir fugla á athugunarsvæðinu í Krossanesborgum (1. tafla). Fjölbreytni er mikil og af nokkrum tegundum er þéttleiki þara með því mesta sem mælst hefur á landinu. Hér munum við fjalla sérstaklega um nokkrar tegundir:

1. Rjúpa. Alls voru 20,2 pör á km² í Borgunum. Til samanburðar má nefna að í talningum á 6 svæðum í Þingeyjarsýslum á árunum 1981-1994 var meðalþéttleiki karra 6,3 á km² fyrir öll árin, en mesti þéttleiki 27,9 karrar á km². Meðaltal í Hrisey á sama tíma var 24,6 karrar/km² á ári, minnst 9,9 og mest 41,1 (Ólafur K. Nielsen 1995, Ólafur K. Nielsen og Hálfðán Björnsson 1997). Það er því ljóst að Krossanesborgir eru verulega mikilvægar sem varpland rjúpa.

2. Heiðlóa. Þéttleiki heiðlóu hefur verið kannaður á nokkrum stöðum á landinu og hefur fjöldi þara að jafnaði reynst vera á bilinu 20–30 (Ævar Petersen 1998). Í Krossanesborgum eru heiðlóur því ívið færri en meðaltal samanburðarsvæða (16,1 pör/km²), en þess ber að geta að stór hluti Krossanesborga er mýrlendur og því ekki kjörlandi heiðlóu til varps. Engu að síður teljum við að Borgirnar hýsi sterkan varpstofn heiðlóa.

3. Hrossagaukur er næst algengasti vaðfuglinn í Borgunum, með 22,6 pör/km². Rannsóknir annars staðar á landinu gefa allt frá nokkrum pörum upp í 20–30 pör/km² (Ævar Petersen 1998). Það er því ljóst að hrossagaukar standa vel fyrir sínu á svæðinu.

4. Jaðrakan hóf ekki að verpa á Norðurlandi fyrr en upp úr 1940 og tegundin hefur breiðst út austur um síðan þá (Ævar Petersen 1998). Greinilegt er að jaðrakan hefur fjölgað á svæðinu frá því í lok 8. áratugarins. HHg getur aðeins um 2 pör og ÆP nefnir 3 pör í heimsókn sinni 1988, en nokkur pör 1995. Athugun okkar sýnir 21 par/km². Ljóst er samkvæmt þessu að í Borgunum er mikilvægt kjörlendi jaðrakana og líklega það þéttasta sem mælt hefur verið á landinu. Talning í Skógum í Skagafirði 1987 gaf 13 pör/km² og var þá mesti þéttleiki sem mælt hafði hérlandis (Kristinn H. Skarphéðinsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1990).

5. Spói er algengasti vaðfuglinn á svæðinu, með 25,8 pör/km². Kannanir annars staðar á landinu sýna mest 27 pör/km² (Ævar Petersen 1998) og því er greinilegt að fjöldi spóapara í Borgunum er umtalsverður. Dreifing spóa var nokkuð jöfn um allt svæðið og segja má að þeir hafi raðað sér niður á allt tiltækt þúrlendi (4. mynd).

6. Hettumáfur hóf að verpa hér á landi á þessari öld, en er nú algengur á láglendi um allt land (ÆP 1998). Nokkrar kannanir hafa verið gerðar á útbreiðslu hettumáfa í Eyjafirði. Um 1960 var fjöldi para áætlaður um 350 (Ævar Petersen, óbirt), en 14 árum síðar hafði þeim fjölgað í um 1200 (Arnbór Garðarsson o. fl. 1976). Krossanesborgir eru ekki nefndar sem varpstaður hettumáfa í þessum könnunum. Vorið 1990 var útbreiðsla og fjöldi hettumáfa í Eyjafirði kannaður (Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 1993). Þá taldist vera 61 varppar í Krossanesborgum öllum og því á stærra svæði en könnun okkar nær til nú. Utan rannsóknarsvæðis okkar urpu nú 20–25 pör til viðbótar þeim 55 er við töldum. Fjöldi hettumáfa er því svipaður nú og hann var fyrir níu árum.

7. Stormmáfur er einn af okkar nýjustu landnemunum sem hóf að verpa hér á landi árið 1955 (Arnbór Garðarsson 1956). Höfuðstöðvar stormmáfa eru í Eyjafirði og stærsta varpið er við Akureyrarflugvöll (Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 1990). Nú er talið að um 350–450 pör verpi á landinu (Ævar Petersen 1998). HHg nefnir ekki stormmáfa 1979 og 1981. ÆP sá fjóra á hreiðrum við Hundatjörn vorið 1988 og þeim hafði fjölgað í sex vorið 1995. Samkvæmt þessu er líklegt að stormmáfar hafi byrjað að verpa í Krossanesborgum eftir 1981. Fjölgunin hefur verið hæg en nú eru varppörin orðin 10 og öll við eða í nálægð Hundatjarnar.

8. Silamáfur er nýlegur varpfugl sem byrjaði að verpa hér á landi á þriðja áratug þessarar aldar og hefur verið í mikilli sókn síðan. Verpur nú víða um land (Ævar Petersen 1998). Virðist vera nýr varpfugl í Krossanesborgum. HHg minnst ekki á silamáf í sínum ferðum og ÆP nefnir aðeins 4 pör á svæðinu vorið 1995. Silamáfar hafa á undanförmum árum orpið dreift á Moldhaugahálsi u.þ.b. 4 km norðan Borganna og hugsanlegt er að tilflutningur hafi átt sér stað þaðan því 22 pör urpu í Krossanesborgum sumarið 1998. Engar nýlegar talningar eru til frá Moldhaugahálsi og því er ekki hægt að fullyrða hér um (sjá um silfurmáf hér að neðan). Varp silamáfa og annarra stórra máfa er að mestu bundið við klapparholtin nyrst og austast á svæðinu.

9. Silfurmafur. Hvorki HHg né ÆP minnst á silfurmafa en KL segist fyrst hafa tekið eftir silfurmafum í Krossanesborgum vorið 1997. Nú voru 16 varppör á svæðinu og líklegast er að hér sé um flutning frá Moldhaugahálsi að ræða. Eftir að talningum lauk í Krossanesborgum vorið 1998 fór annar okkar (STh) og kikti af þjóðvegi yfir varpstaði silamáfs og silfuramáfs á Moldhaugahálsi. Innan við 10 pör af hvorri tegund sáust við hreiður og borið saman við fyrri ár var greinilega um verulega fækkun að ræða (dagb. STh). Hálfðán Björnsson skráði á að giska 40-50 varppör af hvorri tegund sumarið 1982 (HHg o.fl. 1982) og eru það einu tiltæku heimildir okkar um varp þessara tveggja tegunda í Moldhaugahálsi.

10. Kria. Að þessu sinni voru aðeins 55 krúppör verpandi á svæðinu og er það mun færri en ÆP skráði vorið 1990, en svipað og 1995. Krúrnar urpu á svipuðum slóðum og hettumáfarnir í nokkrum byggðum, mest 30 pör saman (6. mynd).

Umræða

Við skipulag svæðisins til útivistar er að okkar mati nauðsynlegt að gæta ítrustu varúðar bæði hvað gróður og fuglalíf varðar. Tjarnir báðar og mýrar við þær eru mikilvæg varpsvæði margra tegunda og þarf að taka sérstakt tillit til þess. Við leggjum til að eftirfarandi atriði verði höfð í huga:


- * Skipuleggja þarf gangstiga með það í huga að umferð gangandi fólks trufla fugla sem minnst.
- * Á svæðinu eru vegaslóðar og gamall þjóðvegur sem nýta ætti sem gangstiga. Þar sem stígarnir liggja yfir mýrar ætti að byggja einfaldar göngubryr.
- * Nauðsynlegt er að takmarka umferð fólks um nágrenni tjarnanna á varptíma fugla.
- * Setja upp bekkir og/eða skýli á klöppinni sunnan Djáknatjarnar og á Háuklöpp vestan Hundatjarnar fyrir fuglaskoðara.
- * Setja upp skilti á áningarstöðum með myndum af þeim fuglum sem líklegt er að sjáist frá hverjum stað.
- * Viða á svæðinu eru söguminjar sem merkja þarf sérstaklega, t.d. eyðibýli, skotgrafir frá stríðsárunum, mógrafir og stekkur.
- * Taka þarf formlega afstöðu til hvort allir fuglar svæðisins verði friðaðir eða hvort svokölluðum "vörgum" verði haldið niðri.
- * Leggja áherslu á að eggjataka er með öllu óheimil.
- * Nauðsynlegt er að fylgjast áfram með fuglalífi svæðisins með talningum á 5 ára fresti.
- * Fylgst verði árlega með þéttleika rjúpnar á svæðinu.

Þakkir


Arnar Þór Þorsteinsson, Ásta Eybjörg Þorsteinsdóttir, Jóhannes Árnason, Þórey Ketilsdóttir og Þórir Haraldsson aðstoðuðu við talningar og leit að hreiðrum. Kristján Larsen veitti ýmsar gagnlegar upplýsingar um fuglalíf og örnefni. Eva G. Þorvaldsdóttir sá um gerð útbreiðslukorta og Guðmundur Guðjónsson veitti ráðgjöf við gerð þeirra. Loftmyndir ehf. leyfðu afnot af loftmynd af Krossanesborgum. Ævar Petersen las handrit skýrslunnar og færði margt til betri vegar. Öllum þessum aðilum þökkum við veitta aðstoð.

Heimildir:


- Aðalskipulag Akureyrar 1990-2010, staðfest 30.11.1990.
- Arnbór Garðarsson 1956. Stormmáfur, nýr varpfugl á Íslandi. Náttúrufr. 26: 87-93.
- Arnbór Garðarsson, Agnar Ingólfsson og Jón Eldon 1976. Lokaskýrsla um rannsóknir á óshólmavæði Eyjafjarðarár 1974 og 1975. Fjölrit Líffræðistofnunar nr. 7.
- Helgi Hallgrímsson 1979 og 1981. Fuglaskoðun í Krossanesborgum. Náttúrufræðistofnun Íslands Akureyri. Óbirt skýrsla.
- Helgi Hallgrímsson 1980. Krossanesfriðland (Lónsfriðland). Náttúrufræðistofnun Íslands Akureyri. Óbirt skýrsla.
- Helgi Hallgrímsson (ritsj.) o.fl. 1982. Vesturströnd Eyjafjarðar. Náttúrufar og minjar. Unnið fyrir Staðarvalsnefnd um iðnrekstur af Náttúrugripa- safninu á Akureyri: 119-129.
- Kristinn H. Skarphéðinsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1990. Fuglalíf í Skógum, Skagafirði, og nágrenni 1987. Bliki 9: 49-66.
- Kristján Geirmundsson 1957. Óbirt bréf varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands um fuglalíf 1957.
- Kristján Larsen 1998. Munnlegar upplýsingar um fuglalíf í Krossanesborgum frá því um 1970 til 1998.
- Náttúruminjasráð 7. útgáfa 1996. Náttúruverndarráð.
- Ólafur K. Nielsen 1995. Rjúpnatalningar á Norðausturlandi 1981 til 1994. Náttúrufræðingurinn 65: 165-179.
- Ólafur K. Nielsen og Hálfðán Björnsson 1997. Rjúpnarannsóknir á Kvískerjum 1963 til 1995. Náttúrufræðingurinn 66: 115-123.
- Sverrir Thorstensen. Óbirtar dagbókarfærslur 1994, 1995, 1996 og 1997.
- Ævar Petersen. Óbirtar dagbókarfærslur 4. júní 1988, 2. júní 1990, 4. júní 1992 og 11. júní 1995.
- Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 1990. Fuglalíf við Akureyrarflugvöll og í grennd 1987. Bliki 9: 7-20.
- Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 1993. Hettumáfsvörp í Eyjafirði 1990. Bliki 13: 45-59.
- Ævar Petersen 1998. Íslenskir fuglar. Vaka – Helgafell, Reykjavík. 312 bls



2. mynd. Krossanesborgir Akureyri
Varpfuglar sumarið 1998,
endur, grágæs, rjúpa



3. mynd. Krossanesborgir Akureyri
 Varpfuglar sumarið 1998
 tjaldur, heiðlóa, sandlóa,
 hrossagaukur




4. mynd. Krossanesborgir Akureyri

Varpfuglar sumarið 1998

jaðrakan, spói,

stelkur, lóupræll



5. mynd, Krossanesborgir Akureyri

Varpfuglar sumarið 1998

svartbakur, sílamáfur, sílfurmáfur,

stormmáfur, hettumáfur

